

4. gr.

Við 1. mgr. 68. gr. bætist: þar skal og greina nafnúmer kjósanda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 24. apríl 1982 og nr. 97 31. desember 1982.

Gjört í Reykjavík, 15. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í framhaldi af 2. gr. laga nr. 20/1982 um breytingu á og viðauka við 3. gr. laga nr. 5/1976 komi ný setning og verði niðurlag 2. mgr. 3. gr. svohljóðandi:

Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða að útflutningsgjald, samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr., skuli ekki innheimt af afurðum, sem unnar eru úr kolmunna til manneldis.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og gefa lögin út þannig breytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði þeirra til landaðs afla á árunum 1982, 1983 og 1984.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.